

Gloria

Ungfónía & HáskólaKórinn

24. og 25. nóvember 2024
Langholtskirkju kl. 20.00

Stjórnandi: Gunnsteinn Ólafsson

100 MORÐGÁTUR

Morðleikir er ómissandi bók fyrir alla glæpaunnendur.

T

O
OO



VERÖLD



Efnisskrá

Kjartan Ólafsson: Þjóðlagasinfónía (frumflutningur)

Johann Babtist Neruda: Konsert fyrir trompet og stengi í Es-dúr

1. Allegro

2. Largo

3. Vivace

Einleikari: Ingibjörg Ragnheiður Linnét trompet

Hlé

Francis Poulenc: Gloria

1. Gloria in excelsisDeo

2. Laudamus te

3. Domine Deus, Rex caelestis

4. Domine Fili unigenite

5. Domine Deus, Agnus Dei

6. Qui sedes ad dexteram Patris

Einsöngvari: María Sól Ingólfsdóttir

Háskólakórinn

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins

Stjórnandi: Gunnsteinn Ólafsson



María Sól Ingólfsdóttir
einsöngvari



Ingibjörg Ragnheiður Linnét
trompetleikari



Gunnsteinn Ólafsson stjórnandi.
Píanóleikari á kóræfingum:
Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins þakkar Tónskóla Sigursveins, Tónlistarskóla FÍH,
Neskirkju og Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir veitta æfingaaðstöðu og lán á hljóðfærum.



Háskólaakórinn haustið 2024

Gloria

1. Gloria in excelsis Deo

Gloria in excelsis Deo
et in terra pax hominibus
bonæ voluntatis.

2. Laudamus te

Laudamus te. Benedicimus te.
Adoramus te. Glorificamus te.
Gratias agimus tibi
propter magnam gloriam tuam.

3. Domine Deus

Domine Deus, Rex cœlestis,
Deus, Pater omnipotens.
Gloria.

4. Domini Fili unigenite

Domine Fili unigenite,
Jesu Christe.

Dýrðarsöngur

1. Dýrðsé Guði í upphæðum

Dýrðsé Guði í upphæðum
og friður á jörðu
og velþóknun yfir mönnunum.

2. Vér lofum þig

Vér lofum þig, vér göfgum þig,
vér tignum þig, vér vegsömum þig
sakir mikillar dýrðar þinnar.

3. Drottinn Guð

Drottinn Guð, himneski konungur,
Guð, faðir almáttugur,
dýrðsé þér.

4. Drottinn einkasonurinn

Drottinn, einkasonurinn
Jesús Kristur.

5. Dominus Deus, Agnus Dei

Domine Deus, Agnus Dei,
Filius Patris.
Qui tollis peccata mundi,
miserere nobis.
Suscipe deprecationem nostram.

6. Qui sedes ad dexteram Patris

Qui sedes ad dexteram Patris,
miserere nobis.
Quoniam tu solus sanctus.
Tu solus Dominus. Amen.
Tu solus Altissimus,
Jesu Christe,
cum sancto Spiritu
in gloria Dei Patris. Amen.

5. Drottinn Guð, lamb Guðs

Drottinn Guð, lamb Guðs,
sonur föðurins
þú sem berðsyndir heimsins,
miskunna þú oss,
heyr vorar auðmjúku bænir.

6. Þú sem situr föðrum á hægri hönd

Þú sem situr föðrum á hægri hönd,
miskunna þú oss,
því að þú einn ert hinn heilagi,
þú einn ert Drottinn
þú einn ert hinn hæsti
Jesús Kristur
meðheilögum anda
í dýrð Guðs föður. Amen.



Ungfónía frumflytur Sprett eftir Tryggva M. Baldvinsson í nýrri gerðárið 2017.



Kjartan Ólafsson (f. 1958) stundaði nám í tónsmíðum við Tónlistarskólann í Reykjavík og við Sibeliusar-akademiuna í Helsinki. Þá nam hann raftónlist við Konservatoríið í Utrecht í Hollandi. Tónverk Kjartans eru um 300 talsins og má þar nefna hljómsveitarverk, einleikskonserter, kammertónlist, raftónlist, tölvutónlist, óperur, leikhúsverk, ballettverk, söngverk, dægur-tónlist og tónlist fyrir börn. Mörg þeirra hafa verið gefin út á geisladiskum og á nótum. Víólu koncert Kjartans hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2001 sem tónverk ársins. Þjóðlagasinfónían byggir á íslenskum kvæðalögum. Örstutt brot úr völdum stemmum eru notuð sem efniviður í verkið og meðhöndluð með nýstárlegum aðferðum. Verkið er samið sérstaklega fyrir unga fólkið í Ungfóniunni, þar sem hljóðheimur fyrri alda fær að njóta sín í umhverfisamtímanum.



Johann Baptist Neruda (1708–1780) var tékkneskt tónskáld, fæddur í Bæheimi og ólst upp í kunnri tónlistarfjölskyldu. Hann starfaði heima fyrir sem fiðluleikari og hljómsveitarstjóri en réð sig síðan sem konsertmeistaravíðir hljómsveitina í Dresden í Þýskalandi þar sem hann starfaði til dauðadags. Neruda lét eftir sig átján sinfóniur, sönötur, trúarleg verk, óperuna Kaupmennirnir (Les Troqueurs) og fjórtán konserta. Kunnastur þeirra er trompetkoncertinn í Es-dúr sem hann samdi fyrir Johann Georg Knechtel. Sá flutti koncertinn á corno da caccia eða pósthorn og lék þá aðeins á efra raddsviði hljóðfærisins. Nú er koncertinn oftast leikinn á trompet.



Francis Poulenc (1899–1963) er á meðal þekktustu tónskálda Frakka á 20. öld. Hann var píanósnillingur í æsku og hneigðist ungur til að semja tónlist; stundaði samt aldrei formlegt nám í tónsmíðum. Hann komst snemma í kynni við fimm önnur ung frönsk tónskáld sem voru að hasla sér völlu í höfuðborginni um 1920. Þau voru kölluð Les Six eða Sexmenningarnir. Kunnust þeirra urðu Poulenc og Arthur Honegger en auk þess var ljóðskáldið og leikritahöfundurinn Jean Cocteau iðulega í slagtogi með þeim félagum. Poulenc samdi verk affjölbreyttu tagi: sönglög, píanóverk, kammertónlist, kórverk, óperur, balletta og hljómsveitar-tónlist. Eitt frægastaverk hans er Gloría fyrir einsöngvara, kór og hljómsveit sem var frumflutt í Boston árið 1961. Francis Poulenc aðhyllt ekki tólftóna aðferðina eins og mörg evrópsk tónskáld á 20. öld heldur mótaði sinn eigin persónulega tóntegundabundna stíl. Ungfónía hefur áður flutt orgelkoncert Poulencs ásamt Guðnýju Einarsdóttur organista.



Ingibjörg Ragnheiður Linnet trompetleikari stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík (síðar MÍT) og síðan framhaldsnám við Konunglega tónlistarháskólann í Stokkhólmi þaðan sem hún útskrifaðist vorið 2022. Leiðin lá í meistaranám við Tónlistarháskólann í Osló þar sem kennarar hennar voru Jonas Haltia, Wim van Hasselt og Tine Thing Helseth. Vorið 2022 lék Ingibjörg einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands

og sama ár með þíanistanum Albert Dahlöf í 1. píanókoncert Shostakovich fyrir strengi og einleikstrompet. Samhliða náminu hefur Ingibjörg leikið með Útvarpshljómsveitinni í Stokkhólmi, Dalasinfóníettunni, Norrænu kammersveitinni og kammersveitinni Elju.



María Sól Ingólfssdóttir sópran hóf að syngja í Barna- og kammerkór Biskupstungna undir stjórn Hilmaris Arnar Agnarssonar sem markaði djúp spor í hennar tónlistaruppeldi. Hún útskrifaðist með framhaldspróf úr Söngskólanum í Reykjavík árið 2016 og bakkalárpróf í söng frá Listaháskóla Íslands árið 2019. Í vor lýkur hún meistaranámi við Tónlistarháskólann í Saarbrücken. María Sól hefur tekið virkan þátt í tónlistarhátíðum á borð við

Óperudaga, Myrka músíkdaga, Sequence Art-hátíðina, Norræna músíkdaga og Musikfestspiele Saar. Fyrir ári söng hún hlutverk móðurinnar í uppsetningu Tónlistarháskólans í Saarbrücken á Hans og Grétu. Þá söng hún hlutverk hofgyðjunnar í Aidu eftir Verdi við Óperuhúsið þar í borg. María Sól hlaut Grímuverðlaunin sem söngvari ársins árið 2021, varð handhafviðurkenningar Halldórs Hansens árið 2019 og í ár hlaut hún Richard Wagner-styrkinn í Saarlandi. María Sól trúir því aðeigin sögn að tónlist sé galdur.

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Ungfónía, var stofnuð haustið 2004 og fagnar því 20 ára afmæli um þessarmundir. Stjórnandi hennar er Gunnsteinn Ólafsson. Hljómsveitin er skipuð 50–60 nemendum úr LHÍ, tónlistarskólum af höfuðborgarsvæðinu og við tónlistarháskóla erlendis á aldrinum 13–25 ára. Einleikarar og einsöngvarar með hljómsveitinni eru jafnan nemendur að ljúka framhaldsnámi erlendis eða eru nýkomnir heim frá námi. Hljómsveitin hefur tekist á við þrjú til fjögur verkefni á ári og haldið tónleika víða um land. Hljómsveitin var tónlistarhópur Reykjavíkur árið 2016. Á meðal íslenskra verka sem hljómsveitin hefur leikið eru óperan Þrymskviða eftir Jón Ásgeirsson, klarinettukonsertinn Haustvísu eftir Jón Nordal, Íslensk svíta eftir Misti Þorkeldsdóttur, Minningarbrott – Glimpsed Memories eftir Huga Guðmundsson og básúnukonsert eftir Hróðmar Inga Sigurbjörnsson.

Háskólakórinn var stofnaður árið 1972. Í kórnum syngja nemendur úr öllum deildum Háskóla Íslands og öðrum menntastofnunum á háskólastigi, íslenskir sem erlendir. Í kórstjóratíð Gunnsteins Ólafssonar frá 2007 hefur kórinn gefið út þrjá geisladiska með 50 íslenskum kórverkum og flutt ýmis stórvirki tónbókmenntanna með með Símfóníuhljómsveit unga fólksins og Símfóníuhljómsveit Íslands. Þá hefur kórinn frumflutt ný íslensk verk, m.a. eftir Þóru Marteinsdóttur, Báru Grímsdóttur og Ríkarð Örn Pálsson. Kórinn fer árlega í söngferðalag innanlands og utan. Vorið 2025 verður kórinn sérstakur gestur alþjóðlegu kórahátíðarinnar Voices of Spirit í Graz í Austurríki.



Gunnsteinn Ólafsson fæddist árið 1962 á Siglufirði en ólst upp í Kópavogi. Hann stundaði fiðlunám við Tónlistarskóla Kópavogs, síðar Tónlistarskólann í Reykjavík og stjórnaði Kór Menntaskólans í Kópavogi samhliða námi þar. Hann nam tónsmíðar hjá Jóni Ásgeirssyni og seinna við Franz Liszt-tónlistarakadémiuna í Búdapest. Við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi lærði hann hljómsveitarstjórn og að auki sótti hann kórstjórnarnámskeið hjá Eric Ericson. Gunnsteinn stofnaði Símfóníuhljómsveit unga fólksins árið 2004 ásamt nemendum við LHÍ og Tónlistarskólann í Reykjavík og tók við Háskólakórnum árið 2007. Gunnsteinn setti á fót Þjóðlagahátíðina á Siglufirði og Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði og stjórnar starfsemi beggja. Gunnsteinn starfar jöfnum höndum sem tónskáld, kórstjóri og hljómsveitarstjóri og hefur skrifað barnabækur og bækur um náttúru Íslands. Á meðal tónsmíða eftir Gunnstein má nefna ævintýraóperuna Baldursbrá, sönglög og kórverk sem og hljómsveitarsvítuna Þýtur í stráum.

Herdís Linnét píanóleikari og Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir hljómsveitarstjóri báru hitann og þungann af tónleikum Ungfóníu í nóvember 2023. Leikinn var píanó-konsert Griegs, Valse triste eftir Sibelius og 5. símfónía Beethovens.





Háskólakórinn og Ungföniú fluttu óperuna Prymskviðu eftir Jón Ásgeirssoní Norðurljósasal Hörpu haustið2018ásamtíngvurum. Mynd frá æfingu í Neskirkju og kórinn á sviðinu í Hörpu.



Háskólakórinn

Sópran

Anna Rósa Héðinsdóttir
Anna Sigrún Gunnarsdóttir
Ásta Kristín Þórsdóttir
Camille Backert
Clara Klinkenberg
Clizia Mochi
Denise Blazek
Emily Ashmore
Guðríður Halíma Essabiani
Helena María Ægisdóttir
Helga Rós Araojo Gunnarsdóttir
Hrefna Margrét Viðarsdóttir
Jázmin Bárdos
Johanna Lange
Jóhanna María Ægisdóttir
Kai Dobrowolska
Kim Anna Hudson
Luka Biedebach
Lærke Wäänänen
Sarah Lilja Abioye
Theodóra Björk Ægisdóttir
Una Hjörvarsdóttir
Viktoria Sasina

Alt

Anna Mjøen
Aria Kelci Octave
Arshia Eyrún Gunnarsdóttir
Bára Þorsteinsdóttir
Eve-Marine Pubert
Federica Kiyomi Ciliberti
Hafrún Guðjónsdóttir
Helga Valborg Guðmundsdóttir
Jiayun Nie
Jóhanna Hlynsdóttir
Johanna Priske
Juno Lehtonen
Karolina Dulemba
Karólína Mist Stefánsdóttir
Ragnheiður Edda Hlynsdóttir
Sigríður Björk Hafstað
Sigríður Tinna Bjarnadóttir
Sigrún Valgeirsdóttir
Tereza Kotlasová
Ýda Helgadóttir
Þyri Stella Felixdóttir

Tenór

Alexandre Hassoun
Connor Wilkinson
Eir Önnu Ólafsbur
Elías Kári Sigurðarson
Francis Laufkvist Kristinsbur
Jakob Fjólar Gunnsteinsson
Julian Menjivar
Jun Kim
Kjartan Sveinsson
Ólafur Werner Ólafsson
Robert Mik
Sigurjón Pétursson
Varði Mastantuoni Morbilli

Bassi

Aðalsteinn Stefánsson
Áskell Friðriksson
Brock Bennett
Cyrus Delerme
Dömök Márton Ágoston
George Lathbridge Okyere
Guðmundur Þór Böðvarsson
Haraldur Helgason
Moritz Müller
Sindri Gunnsteinsson
Úlfgrímur Valgeirsson
Unnar Aðalsteinsson

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins

1. fiðla

Sólrun Svava Kjartansdóttir
konsertmeistari

Magnús Thor Halloway

Margrét Kristjánsdóttir

Ásrún Eir Þórarinsdóttir

Ann-Sophie Schenk

Hara Sideri

2. fiðla

Oddný Þórarinsdóttir

Hulda Valgerður Vilhjálmisdóttir

Hjördís Birna Ingvadóttir

Malina Hannemann

Martin Frewer

Íva Jovišić

Víóla

Selma Elísa Ólafsdóttir

Þórhildur Vala Sigurðardóttir

Úlfur Þórarinsson

Hanna Kristín Stefánsdóttir

Emilía Íris Grétarsdóttir

Selló

Skúli Þór Jónasson

Gunnar Ingi Gunnarsson

Heiðrún Ingólfsdóttir

Elfur Íris Einarsdóttir

Kontrabassi

Richard Korn

Páll Hannesson

Flauta

Vega Magdalena Lövdahl

Guðlaug Ósk Gunnarsdóttir

Hildur Arna Hrafnisdóttir

Piccolo

Hildur Arna Hrafnisdóttir

Guðlaug Ósk Gunnarsdóttir

Óbó

Andreas Guðmundsson

Gähwiller

Žarko Urošević

Gunnar Þorgeirsson

Enskt horn

Gunnar Þorgeirsson

Klarinett

Hanna Sóley Guðmundsdóttir

Þórey María Kolbeins

Bassaklarinett

Haukur Hólm Gunnarsson

Fagott

Louise Preuss

Nína Valgarðsdóttir

Kaho Terazono

Horn

Þorgerður Þorkelsdóttir

Örn Kjartansson

Brynjar Guðrúnarson

Katrín Ingimundardóttir

Trompet

Eberg Elefsen

Ásta Hlíf Harðardóttir

Almar Örn Arnarson

Básúnur

Svava Freysdóttir

Eyjólfur Flóki Freysson

Anna Valgerður Káradóttir

Túba

Magnús Matthiasson

Harpa

Sólveig Thoroddsen

Pákur

Breki Freysson

Slagverk

Örvar Erling Árnason

Elvar Sindri Guðmundsson

Frank Aarnink



Kristín Ýr Jónsdóttir lék verk eftir Charles T. Griffes og Albert Doppler fyrir flautu og hljómsveit á tónleikum í Langholtiarkirkju 22. maí 2021.

Ungfónía og Háskólakórinn fluttu svítu úr Fanganum frá Azkaban eftir John Williams úr samnefndri kvikmynd um Harry Potter 15. nóvember 2016.





Ungverskir tónleikar Ungfóníu voru á Laugarvatni og í Langholtskirkju í apríl 2007. Helga Þóra Björgvinsdóttir lék tvær rapsódíur eftir Béla Bartók fyrir fiðlu og hljómsveit.



Æfing í Langholtskirkju í tilefni af 20ára afmæli Ungfóníu í nóvember 2024.



Chrissie Thelma Guðmundsdóttir frumflutti á Íslandi fiðlukonsert eftir Ernest Bloch á tónleikum í Sigluþjóðarkirkju 8. júlí 2018 og í Langholtskirkju daginn eftir. Stjórnandi Ungfóníu var Hallfríður Ólafsdóttir.



Jón Arnar Einarsson viðæfingar á konsert fyrir básúnu og hljómsveit eftir Hróðmar Inga Sigurbjörnsson í nóvember 2021.



Gunnsteinn Ólafsson og Jónunn Viðar á Þjóðlagahátíðinni 2003. Renáta Iván lék píanókoncert hennar ásamt hljómsveit ungmenna á hátíðinni undir stjórn Gunnsteins. Hljómsveitin varðformlega að Símfóníu-
hljómsveit unga fólksins haustið 2004.

Björg Brjánsdóttir frumflytur á Íslandiflautukonsert eftir Marcin Blazewicz á tónleikum með Ungfóníu í Neskirkju 11. júlí 2017.



Ungfónía á Selfossi árið 2006. Einleikari á selló var Margrét Árnadóttir. Hún lék sellókoncert í D-dúr eftir Joseph Haydn.

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks

Allt fyrir tónlistarmanninn
á einum stað

Tónastöðin býður upp á
mikið úrval hljóðfæra
og nótnabóka fyrir allar
tegundir tónlistar og
leggur áherslu á góða og
persónulega þjónustu,
byggða á þekkingu
og áratuga reynslu.



TÓNASTÖÐIN

Allt fyrir tónlistarmanninn

www.tonastodin.is